

Nd.

415. Frumvarp til laga

um sóknargjöld.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Hver maður, karl eða kona, á aldrinum 16—67 ára, sem er heimilisfastur hér á landi eða lögskráður á íslenskt skip og er í þjóðkirkjusöfnuði, skal árlega greiða gjald til kirkju þeirrar, er hann á sókn að, kr. 3.00—6.00 á ári eftir nánari ákvörðun safnaðarfundar í hverri sókn. Gjaldskyldualdur miðast við áramót.

Gjöld þessi skal innheimta að viðbættu álagi, er nemur meðaltali gildandi vísi-tölu næsta almanaksár á undan gjaldþaga. Gjaldauki, sem nemur minna en kr. 0.50, skal niður felldur, en hækka í krónu, ef hann nemur kr. 0.50 eða meiru.

Undanþegnir þessu gjaldi til þjóðkirkjunnar eru þeir, sem teljast til utanþjóðkirkjusafnaða, er hafa lögiltan prest eða forstöðumann, enda nemi gjald þeirra til trúfélags síns hverju sinni eigi lægri upphæð en þeim hefði ella borið að greiða til þjóðkirkjunnar.

Nú er maður utan þjóðkirkjunnar og ekki undanþeginn gjaldi til hennar samkvæmt næstu málsg. hér að framan, og skal þá sóknargjald hans renna í prófgjalda-sjóð Háskóla Íslands.

Utánþjóðkirkjumönnum ber að sýna innheimtumanni sóknargjalda skilríki fyrir því, að þeir hafi greitt sóknargjald sitt, samkvæmt 3. og 4. málsg., ella ber þeim að greiða gjöld þessi til sóknarkirkju sinnar.

Heimilt er sóknarnefndum, samkvæmt sérstakri umsókn þar um, að undanþiggja sóknargjaldskyldu um ákveðinn tíma þá menn, er þær telja eiga við svo bág kjör að búa, að þeim sé um megn að greiða sóknargjöld sín án þess að þurfa að leita opinberrar aðstoðar eða þola skort.

2. gr.

Sóknargjald skal miða við almanaksár og greiðist þeirri kirkju eða söfnuði, þar sem gjaldandi á lögheimili í ársbyrjun, og er eindagi þess 31. marz ár hvert fyrir það ár, sem er að líða.

3. gr.

Nú hrökkva eigi tekjur kirkju fyrir nauðsynlegum útgjöldum að dómi sóknar-nefndar, og er henni þá heimilt, að fengnu leyfi safnaðarfundar, að jafna því, sem á vantar, niður á safnaðarmenn í sókninni sem hundraðsgjaldi af útsvörum. Lægra gjaldi en einni krónu skal þó sleppt.

Í þeim sóknum, þar sem söfnuður hefur eigi tekið að sér umsjón og fjárhald kirkju, er niðurlögn aukagjalds óheimil, nema kirkjustjórn veiti til þess sérstaka heimild fyrir eitt ár í senn, samkvæmt rökstuddri umsókn kirkjueiganda, og skal þá jafnan í leyfisbréfinu tiltekin sú upphæð, er heimilast að jafna niður á útsvars-greiðendur.

4. gr.

Sóknargjald og niðurlögnargjald samkv. 3. gr. skal hver heimilisráðandi leggja fram fyrir þá, sem lögheimili eiga hjá honum, en hann á endurkröfurétt á hendur heimilismanna sinna, og má halda gjaldinu eftir af kaupum þeirra.

Kjósi innheimtumaður sóknargjalda heldur að innheimta sóknargjald af hverjum einstökum gjaldanda, er honum það heimill.

Fyrir þá, sem eru á sveitarframfæri, greiðist úr hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarsjóði, ef gjaldandi hefur eigi sótt um eða fengið undanþágu frá sóknargjaldi samkv. 1. gr.

5. gr.

Presti eða öðrum þeim, er manntal skal taka, er skylt að láta sóknarnefndum eða innheimtumönnum sóknargjalda ókeypis í té skýrslur um manntal safnaðar til afnota við útreikning og innheimtu sóknargjalda.

6. gr.

Sóknarnefndir skulu hafa á hendi innheimtu sóknargjalda gegn 6% innheimtulaunum.

Par, sem sóknarnefndir fela oddvitum eða innheimtumönnum þingjalda innheimtu sóknargjalda, skulu þeir einnig innheimta gjöld utanþjóðkirkjumanna. Skulu þeir skila gjöldum þessum til kirkjufélaganna eða Háskóla Íslands, á sama hátt og skil eru gerð til þjóðkirkjusafnaðanna.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

8. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 40 30. júlí 1909, um sóknargjöld, svo og lög nr. 72 27. júní 1941, um breyting á þeim lögum, og önnur ákvæði, er koma kynnu í bága við lög þessi.